

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 14. febrúar 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Brynhildur Þórarinsdóttir, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þróstur Helgason. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málþing í maí

Komið hefur í ljós að málþing verður haldið í Gerðubergi laugardaginn 11. mars um stöðu barnabókarinnar og lestrarhvetjandi verkefni. Efni málþingsins í Gerðubergi er svipað því sem Íslensk málnefnd hafði ákveðið að halda í maímánuði. Af þeirri ástæðu, ásamt því að um er að ræða sama markhóp og að stutt yrði á milli málþinganna, var ákveðið að breyta áætluðu málþingi Íslenskrar málnefndar um unglingsbókmenntir og halda það frekar í september. Hilmar Hilmarsson benti jafnframt á að maímánuður væri ekki heppilegur en þá væri prófatími, los komið á skólastarf og erfitt að ná til unglinga.

Breyttar tillögur um málþing:

- Fyrirkomulag málþings
 - Tillaga: Miða efnið við framhaldsskólastig.
 - Tillaga: Fá unglingana sjálfa til að sjá um málþingið og tala á því, nota „þjóðfundarfyrirkomulagið“ og virkja samtalið.
 - Tillaga: Hafa samtal á milli rithöfunda og unglinga. Hafa mörg borð og fá nokkra rithöfunda sem ganga á milli borða svo að ekki væri alltaf sami rithöfundur á sama borði.
- Hver á að stjórna málþinginu?
 - Mikilvægt er að hafa góðan fundarstjóra til að stýra málþingi með slíku fyrirkomulagi. Æskilegt að finna einhvern sem höfðar til ungs fólks.
- Hvernig á að finna þátttakendur?
 - Tillaga: Hafa samband við skóla eða bókasöfnin. Hægt væri að virkja íslenskukennara í framhaldsskólum.
- Hver á afurðin að vera?
 - Tillaga: Láta efnið lifa lengur. Hægt væri að taka það upp og setja það á netið (t.d. á YouTube) fyrir þá sem komast ekki á málþingið eða jafnvel hafa útsendingu frá málþinginu.

Steinunn Stefánsdóttir lagði til að bíða með skipulagningu þar til eftir málþingið í Gerðubergi, hugsanlegt væri að einhver hugmynd kviknaði sem hægt væri að vinna áfram með. Á stjórnarfundum Íslenskrar málnefndar 14. mars verður haldið áfram með umræður og undirbúning fyrir málþingið í september.

Afbóka þarf salinn í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ.

2. Málrættarþing í nóvember

Málrættarþing verður haldið miðvikudaginn 15. nóvember og efni þess er ritun. Ágústa hefur pantað fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins kl. 15:30–17.

Á málrættarþinginu verða haldin fjögur stutt innlegg og árleg ályktun um stöðu íslenskrar tungu kynnt. Ármann Jakobsson mun skrifa ályktunina. Einnig verða veittar viðurkenningar sem tengjast efni málrættarþingsins.

Hugmyndir sem komu fram um viðurkenningar:

- a. Einhver frá Háskólanum, t.d. fólk sem tengist ritverum.
- b. Einhver háskólanemi eða einhver fulltrúi frá framhaldsskólastigi.

Steinunn Stefánsdóttir ræddi um að afla þyrfti einhverra upplýsinga um góð kennsluverkefni sem hægt væri að vekja athygli á. Formaður nefndi að ef það ætti að verðlauna eitthvað, t.d. námsefni, þyrfti það að vera nýlegt. Einnig væri hægt að verðlauna kennara eða kennarahóp. Ákveðið var að Steinunn Stefánsdóttir myndi hafa samband við Svanhildi Kr. Sverrisdóttur um að finna kennara eða kennarahóp.

3. Samstarf við norrænu málnefndirnar

Íslensk málnefnd er þátttakandi í samstarfsneti norrænu málnefndanna (Netværket for sprognævnene i Norden). Áhersluatriði í norrænu málsamstarfi byggjast á Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda frá 2006 (hér eftir: Yfirlýsingin) Sjá: <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:700895/FULLTEXT01.pdf>.

Formaður sagðist farinn að efast um að Íslensk málnefnd ætti mikið að sækja í samstarf norrænu málnefndanna og taldi að áhersluefni sem þar væru efst á baugi væru fyrir utan svið Íslenskrar málnefndar. Um er að ræða atriði, s.s. málskilningur og tungumálalæking (sprogforståelse og sprogkundskab), að kunna tvö tungumál (parallelsproglighed), mikilvægi þess að kunna mörg tungumál (mangesprogethed og flersprogethed) og að Norðurlöndin væru fremst í flokki hvað tungumál snertir (Norden som sproglig foregangsregion). Formaður sagði að málnefndin hefði hvorki aðstöðu, áhuga né fjármagn til að taka að sér verkefni á borð við þetta.

Steinunn Stefánsdóttir taldi mikilvægt að Ísland væri ekki einangrað. Hún nefndi að ekkert væri fjallað um Yfirlýsinguna um málstefnuna í íslenskum námskrám og ekki væri heldur neitt um hana í íslensku málstefnunni. Yfirlýsingin og efni sem þar er fjallað um hafa lítið sem ekkert komist inn í umræðuna hér á landi.

4. Heimsókn Önnu Enemark

Formaður sagði frá heimsókn Önnu Enemark frá Nordisk Sprogkoordination (<http://sprogkoordinationen.org/>). Anna Enemark tók upp hjá sjálfri sér að tala við allar málnefndirnar. Hún fékk upplýsingar um hvaða verkefni Íslensk málnefnd hefði fengið frá stjórnvöldum og hvernig við framfylgjum málstefnunni, *Íslenska til alls*, sem Alþingi samþykkti 2009.

5. Önnur mál

Íslenskri málnefnd barst athugasemd frá Sigríði Þorvaldsdóttur um að kaffistofa Listasafns Íslands hefði fengið heitið *Mom's Secret Café*. Sigríði þótti ekki við hæfi að kaffistofa í íslenskri menningarstofnun bæri enskt heiti.

Formaður hafði samband við Halldór Runólfsson hjá Listasafni Íslands sem benti á að rekstur kaffistofunnar hefði verið boðinn út. Á heimasíðu safnsins eru upplýsingar um kaffistofu en þar kemur hvergi fram að annar aðili sjái um reksturinn.

Formaður ritaði bréf til Listasafns Íslands 11. janúar fyrir hönd Íslenskrar málnefndar þar sem bent var á að enskt nafn kaffistofunnar samræmdist á engan hátt stöðu safnsins sem eins af merkustu söfnum þjóðarinnar í flokki með Þjóðminjasafni Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Listasafn Íslands er þjóðlistasafn eins og stendur á heimasíðu safnsins, og fylgir því allnokkur ábyrgð. Nafnið samræmist á engan hátt lögum um stöðu íslenskrar tungu (nr. 61/20177) en í 1. gr. segir að íslenska sé þjóðtunga og opinbert mál á Íslandi og í 2. gr. að þjóðtungan sé sameiginlegt mál allra landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Jafnframt má benda á íslenska málstefnu. Listasafn Íslands ætti því hið fyrsta að velja nýtt nafn á kaffistofuna sem væri því til meiri sóma en það heiti sem nú er notað.

Ekkert svar hefur borist frá Menntamálastofnun við bréfi Íslenskrar málnefndar sem sent var 11. janúar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15.45.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.